

**414. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,  
Tálknafirði, miðvikudaginn 5. maí 2010 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Birna Benediktsdóttir (BB), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir , ritari

Oddviti setti fundinn og kannaði hvort að athugasemdir væru við boðaða dagskrá, svo var ekki. Oddviti lýsti fundinn lögmætan. Gengið til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

- 1. 1003013F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps – 51.fundur 23.mars 2010**  
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 2. 1004006F - Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps – 31.fundur 7.apríl 2010**  
Oddvita og formanni byggingarnefndar falið að ganga endanlega frá tillögum varðandi gámaleyfi og gjaldskrá, einkum er varðar holræsa- og vatnsgjald og leggja fyrir næsta fund.Samþykkt einróma.  
2. liður staðfestur samhljóða.
- 3. 1005008 - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða fundargerð 77.fundar heilbrigðisnefndar 16.apríl 2010**  
Lagt fram til kynningar.
- 4. 1005014 - Fall Sparisjóðs Keflavíkur**  
Birna vék af fundi undir þessum lið. Hreppsnefnd mun kanna stöðu sína í máli þessu í samstarfi við aðra stofnfjáreigendur og lögmann sveitarfélagsins. Samþykkt einróma.
- 5. 1005013 - Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2009, fyrri umræða.**  
Birna kom aftur til fundar. Ársreikningur vegna rekstrarársins 2009 ásamt fylgigögnum lagður fram til fyrri umræðu.  
Samkvæmt álit frá reikningsskila- og upplýsingarnefnd ber sveitarfélögum að færa til eignar lóðir og lendur, sem sveitarfélagið hefur tekjur af og er sú leið farin við uppgjör ársins.  
Fyrirspurnir berist skriflega til oddvita í síðasta lagi mánudaginn 10.maí n.k. Ársreikningnum vísað til síðari umræðu. Samþykkt einróma  
  
Ársreikningi 2009 ásamt fylgigögnum vísað til seinni umræðu á hreppsnefndarfundi þann 12.maí n.k. og var það samþykkt samhljóða.

- 6. 1005011 - Fjórðungssamband Vestfirðinga nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða með Arnarfjörð sem fyrsta áfanga.**  
Hreppsnefnd styður heilshugar áætlunina. Samþykkt samhljóða.
- 7. 1001025 - Vestfjarðavegur frá fundi með samgöngu- og sveitarstjórnar-ráðherra, Vegamálastjóra, starfsmönnum ráðuneytis og Vegagerðar 20.apríl 2010.**  
Boðað er til fundar þriðjudaginn 11. maí kl. 20:00 vegna lögfræðiálits sem nú liggur fyrir vegna endurbyggingar Vestfjarðavegar um Gufudalssveit, svokölluð B-leið. Á fundinn munu mæta samgönguráðherra, vegamálastjóri, starfsmenn vegagerðarinnar ofl. að beiðni forsvarsmanna sveitarfélaganna og gera fundarmönnum grein fyrir álitu lögmanns og fara yfir greinargerð Vegagerðarinnar vegna valkosta og þeirrar stöðu sem upp er komin. Hreppsnefnd tekur heilshugar undir eftirfarandi bréf Fjórðungssambands Vestfirðinga.  
Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur fram bréf dagsett 26. apríl s.l. sem sent var Alþingi, „Áskorun varðandi þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2010-2012, þingskjal 973, mál 582, 138 löggjafarþing“, þar sem samgöngunefnd FV skorar á samgöngunefnd Alþingis að setja aftur inn á samgönguáætlun árána 2009-2012 framlög til Dýrafjarðarganga, og staðfesta þannig fyrri vilja Alþingis og Vestfirðinga að göngin milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar verði sett á áætlun samhliða Norðfjarðargöngum sem næsta jarðgangaf framkvæmd á Vestfjörðum. Bæjarráð Vesturbýggðar styður eindregið sjónarmið sem fram koma í áskorun samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga vegna Dýrafjarðarganga og Vestfjarðavegar 60.
- 8. 0912015 – Sorphirða, beiðni um rökstuðning á vali á tilboði.**  
Til kynningar.
- 9. 1005012 - Hafnarvörður tillaga að gjaldskrá og hafnarreglugerð fyrir Tálknafjarðarhöfn**  
Gjaldskráin samþykkt samhljóða og reglugerðin verður send ráðuneytinu til samþykktar.
- 10. 1005009 - Hagþjónusta landbúnaðarins lögbýlaskrá ríkisins.**  
Skráin yfirfarin og verður síðan send.
- 11. 1005007 - Fjölbrotarskóli Snæfellinga skólaakstur**  
Lagt fram til kynningar.
- 12. 1005006 - Þjóðskrá til sveitarstjórna vegna sveitarstjórnarkosninga 29.maí 2010**  
Skráin yfirfarin og samþykkt.Samþykkt samhlj
- 13. 1005005 - Siglingastofnun fjögurra ára samgönguáætlun 2011 - 2014**  
Siglingastofnun sendi upplýsingar til hafnarstjórna að við gerð nýrrar samgönguáætlunar 2011-2014 verði núverandi tillaga að samgönguáætlun 2009-2012 endurskoðuð og við hana bætt áætlun um það sem framkvæma á árunum 2013 og 2014. Umsóknir um ríkisframlög á næsta áætlunartímabili skal senda til Siglingastofnunar fyrir 1.ágúst 2010. Á áætlun 2011 og 2012 er endurbygging gömlu bryggju á Tálknafirði. Oddvita falið að sjá um að hjálögð eyðublöð verði útfyllt og send til Siglingastofnunar.Samþykkt samhljóða.

**14. 1005002 - Fjórðungssamband Vestfirðinga menningarsamningur ríkis- og sveitarfélaga fyrir árið 2010**

Fyrir fundinum liggja gögn um Menningarsamning 2010, um áframhaldandi samstarf ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál á Vestfjörðum vegna ársins 2010. Hreppsnefnd samþykkir drög að menningarsamningi. Samþykkt samhljóða.

**15. 1004057 - Alþingi nefndasvið félags- og tryggingamálanefnd beiðni um umsögn um frumvarp til húsaleigulaga mál nr 559**

Engin umsögn verður send. Samþykkt samhljóða.

**16. 1005001 - Fjórðungssamband Vestfirðinga tilflutningur á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga, tillögur starfshóps Fjórðungssambands Vestfirðinga**

Samkvæmt tillögum starfshópsins er lagt til að stofnað verði til byggðasamlags með dreifðri þjónustu og að ráðinn verði verkefnastjóri til að sjá um skipulag og framkvæmd á tilflutningi á málefnum fatlaðra á Vestfjörðum. Jafnframt leggur Fjórðungssamband Vestfirðinga til að kostnaður við vinnu starfshóps og verkefnisstjóra verði greitt hlutfallslega af sveitarfélögunum m.v. íbúafjölda sveitarfélaganna þann 1. desember 2009. Bjarnveig Guðbrandsdóttir fulltrúi Tálknafjarðarhrepps í starfshópnum gerði grein fyrir tillögunum. Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti tillögur starfshópsins. Samþykkt einróma.

**17. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**

Farið var yfir væntanleg sumarstörf og skipulag varðandi græn svæði ofl.

Oddviti heimilar eftirfarandi bókun: *"Undirritaður mótmælir harðlega þátttöku Tálknafjarðarhrepps í fundaherferð LIU til varnar handónýtu kvótakerfi og sérhagsmunavörslu fárra útvaldra. Það er alveg ljóst að síðan kvótakerfið kom á hefur staða flestra sjávarútvegsfyrirtækja á Tálknafirði versnað og landaður afli einungis brot af því sem áður var. Á þeim bátum sem enn eru gerðir út héðan þá er sóknargeta þeirra stórlega vannýtt og sjómenn og landverkafólk hafa þ.a.l. mun minni vinnu. Að framansögðu fæ ég ekki með nokkru móti séð að það samræmist hagsmunum sveitarfélagsins að taka þátt í að verja kvótakerfið með Sægreifunum."* Virðingarfyllst Bragi G. Gunnarsson.

Oddviti hafnar því alfarið að Tálknafjarðarhreppur hafi tekið þátt í fundaherferð LIU, heldur mun Tálknafjarðarhreppur vera fundaboðandi að hverjum þeim fundi þar sem atvinnumál verða kynnt og rædd.

**18. 1005003 - Félags- og tryggingamálaráðuneyti, velferðarvaktin.**

Í bréfinu er upplýst að komið hafi í ljós að barnafjölskyldur séu sérstaklega viðkvæmar fyrir afleiðingum efnahagsástandsins sem nú ríkir í landinu í kjölfar hrunsins haustið 2008. Hvetur Velferðarvaktin því sveitarstjórnir og barnaverndarnefndir til að beita sér fyrir aukinni umræðu meðal starfsfólks og kjörinna fulltrúa um fjölbreytileg úrræði til að koma til móts við þarfir barna og barnafjölskylda.

Lagt fram til kynningar.

**19. 1004049 - Lögreglufélag Vesturlands ályktun aðalfundar 13 apríl 2010**

Lagt fram til kynningar.

**20. 1005004 - Jöfnunarsjóður sveitarfélaga tilkynning um endanlegt framlag vegna nýbúafræðslu á fjárhagsárinu 2010**  
Lagt fram til kynningar.

**21. 1005010 - Skipulagsstofnun listar yfir skipulagsfulltrúa, þá sem sinna skipulagsgerð og byggingafulltrúa**  
Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:40**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____